

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2016

2017/EES/45/39

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/95/ESB frá 22. október 2014 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tiltekinna stórra fyrirtækja og samstæðna á ófjárhagslegum upplýsingum og upplýsingum um fjölbreytileika ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/95/ESB frá 22. október 2014 (Stjútíð. ESB L 330, 15.11.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/95/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2015 frá 30. október 2015 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 161, 22.6.2017, bls. 87, EES-viðbætur nr. 38, 22.6.2017, bls. 89.